

Lilja Ingvarsson — Hvers vegna iðjupjálfun?

Í upphafi fannst mér heillandi við fagið að það horfði á persónuna, líkamlega þætti, andlega þætti og félagslega þætti, umhverfið og samspil alls þessa. Að hjálpa einstaklingi að ráða betur við sitt daglega líf var eitthvað sem höfðaði til mín.

Að loknu B.Sc. námi við State University of New York í Buffalo í Bandaríkjunum hóf ég störf á Endurhæfingardeild Borgarspítalans á Grensási. Ég starfaði með skjólstæðingum sem höfu fengið ýmis konar heilaáföll og einnig með skjólstæðingum með mænuskaða. Þarna kom þekking á taugalífeðlisfræði, hreyfifræði, líffærafræði, sálfræði og svo auðvitað iðjupjálfunarfræðum sér vel.

Síðar vann ég á öldrunardeild Borgarspítalans og það sem kom mér mest á óvart í starfinu þar, var hversu mikið ég notaði þekkingu mína í taugafræðunum sem var mitt áhugasvið. Starf með öldruðum fannst mér gefandi og mjög fjölbreytt en aðstæður höguðu því þannig að ég flutti mig um set og hóf störf á Reykjalundi endurhæfingarmiðstöð árið 1991 og starfa þar enn.

Ég hef verið forstöðuiðjupjálfi á Reykjalundi síðan 1996. Það hefur verið spennandi að fylgjast með þróun fagsins bæði hér heima sem og á heimsvísu. Mér finnst iðjupjálfun vera fag sem maður verður aldrei fullnuma í, það er stöðug þróun í fræðunum og svo eru óteljandi möguleikar á að nýta sér þekkingu sína á mismunandi starfsvettvangi.

Ég hef starfað í ritnefnd og stjórn Iðjupjálfafélags Íslands og verið formaður félagsins frá 2005. Það hefur verið mjög spennandi og skemmtilegur tími og ég hef fengið mörg tækifæri til að kynnast iðjupjálfum bæði íslenskum og erlendum. Með þátttöku í félagsstarfinu gefst tækifæri til að hafa áhrif á þróun og framgang iðjupjálfunar á Íslandi.

Það er ánægjulegt að geta sagt eftir 23 ár í faginu að ég hafi aldrei séð eftir þessu starfsvali né heldur að sá dagur hafi komið að ég hafi ekki hlakkað til að takast á við vinnuna.

